

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð sem staðfest var 30. september 1977, nr. 361, sbr. staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá sjóðsins 12. september 2000, nr. 673.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs og ríkisstjórn Íslands hafa samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Stofnfé sjóðsins skal ávaxtað með hagkvæmum kjörum eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum. Verði styrks ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um styrk, fellur hann niður.

Breytingar þessar öðlist gildi við birtingu.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. október 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.